



Til:  
Aðildarsveitarfélaga skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Kópavogi 6. september 2013

**Varðar: Rekstraráætlun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2014**

Á stjórnarfundum SSH 2. september sl. lá fyrir tillaga að rekstraráætlun fyrir skíðasvæðin í Bláfjöllum og Skálafelli fyrir árið 2014.

Áætlunin miðast við óbreytt umfang rekstur frá árinu 2013, og sama fyrirkomulag á helgaropnun í Skálafelli og gildi fyrir þetta ár.

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að meðfylgjandi tillaga stjórnar skíðasvæðanna um rekstur skíðasvæðanna á árinu 2014 verði samþykkt og tekin þannig inn í fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2014.

Rétt er að upplýsa jafnframt að nú er unnið að gerð nýs samstarfssamnings um rekstur skíðasvæðanna í samræmi við fyrirliggjandi samþykktir sveitarfélaganna þar um. Sömuleiðis er unnið að mótun framkvæmdaáætlunar fyrir skíðasvæðin fyrir árin 2014 – 2016. Gert er ráð fyrir að niðurstöður þeirrar vinnu verði til umfjöllunar á fundi stjórnar SSH 7. október nk., og að tillögur vegna þessa verði sendar aðildarveitarfélögunum í kjölfar þess fundar.

Virðingarfyllt,

Páll Guðjónsson  
Framkvæmdastjóri SSH,